

**Grunnskóli  
Hornafjarðar  
470 8400**



## 2. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018 7. nóv. 2017 kl. 11:30 – 12:30 í stofu 5 Heppuskóla

**Fundarstjóri:** Þórgunnur Torfadóttir

**Fundarritari:** Fjóla Jóhannsdóttir

Mættir: Hildur Þórsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Margrét Kristinsdóttir, Birna Rós Valdimarsdóttir, Harpa Lind Helgadóttir, Sandra Rós Karlsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir,

### Dagskrá

1. Fyrstu niðurstöður skólapúlsins. Skólapúlsinn er tekinn af 6-10 bekk en til stendur að taka í notkun könnun fyrir 1. – 5. Bekk í Skólapúlsinum og þá mun GH taka þátt. Í yngri bekkjum eru teknar tengslakannanir. Ýmsir þættir koma vel út í Skólapúlsinum s.s. ánægja af lestri og stærðfræði, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, þrautseigja í námi, samband nemenda við kennara og fleira. Þeir þættir sem kom ekki eins vel út og þar sem skólinn er fyrir neðan meðallag á landinu eru trú á eigin vinnubrögðum í námi og eigin námsgetu, vellíðan, samsömun við nemendahópinn og agi í tímum. Auk þess hefur einelti aðeins aukist frá síðasta ári og er aftur komið yfir meðaltal og nemendur borða óhollar en jafnaldrar þeirra á landinu. Reynt er að bregðast við niðurstöðum og sem dæmi þá eru allir kennarar skólans á námskeiði hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur þar sem viðfangsefnið er að vinna að bættum samskiptum nemenda og unnið er markvisst með nemendum í öllum árgöngum að betri samskiptum. Skólastjóri mun t.d. ræða við árganga um niðurstöður sem snúa að aga og kennarar vinna allir sem einn í að bæta þá þætti sem eru á þeirra valdi. Töluverðar umræður sköpuðust um niðurstöður skólapúlsins til að mynda að það væri eftirsóknarvert ef nemendur myndu blandast meira milli árganga.
2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. Bekk. Farið var yfir niðurstöður prófanna sem komu vel út að þessu sinni en hægt er að sjá niðurstöður á vef skólans <http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/ytrammat/>
3. Árshátíðin – Flott árshátíð að mati foreldra í skólaráði. Þetta er í fyrsta skipti sem árshátíðin er að hausti til og var almenn ánægja með tímasetninguna í skólanum nema hjá smiðjukennarar. Þetta var erfiðasti árshátíðarundirbúningur í Vöruhúsinu og nú verður skoðað hvað hægt verður að gera til að bæta úr því.
4. Fréttir af myndatöku – Skólamyndir munu sjá um myndatökuna þetta árið og verður hún 17. apríl nk. – skólinn gæti þurft að koma eitthvað að málunum en ætlar að gera það. Foreldrar fá síðan aðgang að myndunum á netinu og geta pantað þær beint þaðan. Þetta er þægilegt fyrirkomulag bæði fyrir foreldra og skólann.

5. Í skólanum verður sérstök áhersla á umhverfismál og sjálfbærni á vetrarönn. Lögð verður áhersla á að stíga nokkur skref sem gera umhverfismál og sjálfbærni að mikilvægum málum fyrir alla og að hafa skrefin frekar stutt en varanleg. Misjafnt hvað verður gert í hverjum bekk fyrir sig en tvö verkefni verða gerð á skólavísu. Haldið verður skólaþing með öllum nemendum skólans þar sem þeir fá að taka þátt í að móta stefnu um mál er varðar nemendur. Stefnt er að því að halda skólaþingið eftir áramót en dagskráin er ekki tilbúin. Hitt verkefnið gengur undir vinnuheitinu Félagsmiðstöð fólksins – þá verður opið hús í Heppuskóla fyrir alla Hornfirðinga með það að markmiði að efla samfélagið sem heild. Lögð verður áhersla á að ná til sem flestra bæjarbúa og að virkja nemendur í að undirbúa og vinna á opna húsinu. Áætlað er að fá afnot af íþróttahúsinu og bjóða þar upp á hreyfingu, t.d. sumba og þrek. Að bjóða upp á góðan og hollan mat á kostnaðarverði fyrir fólk og síðan margskonar afþreyingu og eða lærdóm. Stefnt er að því að halda fyrsta opna húsið fyrir áramót. Einnig var minnst á að nokkrir nemendur úr skólanum væru að aðstoða við Ipadkennslu hjá eldri borgurum um þessar mundir.
6. Önnur mál – engin önnur mál